

Múlaþing
Sóley Valdimarsdóttir
Lyngási 12,
700 Egilsstaðir

Garðabær, 20. apríl 2024
Málsnúmer: 202403-0051
LA

Efni: Umsögn um skipulagslýsingu vegna aðalskipulagsbreytinga og nýtt deiliskipulag fyrir athafna- og hafnarsvæði í Innri-Gleðivík, Djúpavogi.

Vísað er í tölvubréf frá Múlaþingi, dags. 20. mars 2024, í gegnum Skipulagsgátt, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um skipulags- og matslýsingu vegna breytinga á Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008-2020 og nýtt deiliskipulag fyrir hluta athafna- og hafnarsvæðis við Víkuland í Innri-Gleðivík.

Breytingar á aðalskipulagi fela í sér að:

- Breyta þéttbýlismörkum og stækka þéttbýlið til norðurs í átt að Æðarsteinstanga.
- Aflétta hverfisvernd að hluta til á Sjávarbakka í Norðurlandi.
- Stækkun á athafna- og hafnarsvæði bæði vestan og austan megin í Innri-Gleðivík.
- Stækkun á hafnarsvæði vegna lengingar á hafnarkati, nýjum hafnarkanti, fyllingum og sjóvarnargarði.
- Aflétta hverfisvernd að stórum hluta eða að öllu leiti á Svalbarðstanga.
- Ný þjóðvegatenging við Djúpavog. Frá Þjóðvegi 1, norðan við þéttbýlið og inn á hafnarsvæðið.

Unnið er nýtt deiliskipulag sem mun samræmast áætlaðri breytingu aðalskipulags. Heildarstærð skipulagssvæðisins er um 25 ha að stærð.

Náttúrufræðistofnun vill koma því á framfæri að hún hefur áður veitt umsagnir um skipulagsbreytingar í Djúpavoghreppi, þar sem fram komu ábendingar og athugasemdir sem rétt væri að taka tillit til í áframhaldandi vinnu á nýju deiliskipulagi og aðalskipulagsbreytingum.

Eldri umsagnir Náttúrufræðistofnunar eru:

- 14. febrúar 2022; Skipulagslýsing um nýja vegtengingu, breytingu á athafna- og hafnarsvæðum við Innri-Gleðivík og um fráveitumannvirki.
- 25. júlí 2022; Vinnslutillaga að aðalskipulagsbreytingum
- 19. júlí 2023; Tillögur að aðalskipulagsbreytingum, en þar var engin umfjöllun um vegtengingu við athafnasvæðið við Innri-Gleðivík.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér skipulagslýsinguna og telur, með hliðsjón af hlutverki stofnunarinnar, að í henni komi fram það helst sem þarf að fjalla um í vinnu við endurskoðun aðalskipulagsins. Stofnunin vill á þessu stigi koma eftirfarandi ábendingum á framfæri: Í umhverfismatsskýrslu þarf að vera umfjöllun um áhrif á jarðminjar. Vestan við þéttbýlið Djúpavog er áhugaverð þyrping bergganga og eins þarf að gera grein fyrir efnistökusvæðum vegna landfyllinga og vegagerðar.



Fjallað verður um gróður, vistkerfi og fugla, en huga þarf sérstaklega að votlendi sem nýtur sérstakrar verndar skv. 61. gr. í náttúruverndarlögum.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir á þessu stigi en áskilur sér rétt á frekari ábendingum síðar.

Virðingarfyllst,

Lovísa Ásbjörnsdóttir

Lovísa Ásbjörnsdóttir
Jarðfræðingur, Náttúruverndarsvið

